

AUGLÝSING

um útflutning og sölu á léttverkaðri saltsíld.

23

20. marz

Þar sem horfur mega teljast á því, að betur notist útflutningsmöguleikar með því að hafa samsölu á allri léttverkaðri saltsíld (Matjessíld) til útflutnings, en tilraunir til að mynda allsherjarfélagsskap sildarframleiðenda um slíka samsölu hafa reynzt árangurslausar, hefir ráðuneytið samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 74 29. desember 1934 um sildarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. falið sildarútvegsnefndinni að fara með einkasölu á allri léttverkaðri saltsíld (Matjessíld) af framleiðslu ársins 1935, sem seld verður til útlanda. Má því enginn annar en sildarútvegsnefnd selja eða flytja slíka síld til útlanda að viðlögðum sektum samkvæmt tédum lögum og ber framleiðendum léttverkaðrar saltsíldar að snúa sér til nefndarinnar um allt, sem að útflutningi og sölu þessarar vöru lýtur. Ef það síðar kynni að álitast ráðlegt, að sildarútvegsnefndin færi með einkasölu annara tegunda af sérverkaðri saltsíld, vegna skaðlegrar samkeppni af henni á Matjessíldarmarkaðnum, mun nefndinni verða heimilt að taka slíka síld undir söluunráð samsöluunnar.

Reglugerð um samsöluna mun verða birt í Lögbirtingablaðinu eða Stjórnartíðindunum innan skamms.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. marz 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um meðferð og notkun raforku í Borgarnesi.

24

25. marz

1. gr.

Rafveitan er eign Borgarneshrepps og hefir hreppsnefndin yfirstjórn hennar. Hreppsnefndin kýs tvo menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn, en hreppsnefndaroddviti (þriðji maður) er sjálfkjörinn formaður hennar, nema hreppsnefndin feli það sérstaklega öðrum manni.

2. gr.

Rafveitunefnd hefir á hendi alla umsjón með eignum og rekstri rafveitunnar, gætir þess að rafveitustjóri ræki störf sín, sem hreppsnefnd felur honum í skipunarbréfi, heldur fundi svo oft sem þurfa þykir að ræða mál, er rafveituna varða, og ritar í fundargerðabók ályktanir sínar um þau, annast innheimtu á